

Metfjöldi farþega

Alls eru 39 komur 11 farþegaskipa áætlaðar til Siglufjarðar á þessu ári, frá og með 14. maí til 20. september. Með þeim koma 7.925 farþegar. Er það sami fjöldi skipa og á síðasta ári en töluverð fjölgun farþega þar sem fleiri stærri skip eru áætluð í ár en í fyrra. Fjöldi skipakoma er þó minni í ár en á síðasta ári en þá voru skipakomur 42.

Nýtt farþegaskip, Saga Sapphire með um 600 farþega innanborðs, bætist í hóp þeirra sem hingað koma. Nokkuð eru um að skipin stoppi lengur í höfn en áður en lengsta viðvera verður allt upp í 16 klukkustundir.

Fyrsta farþegaskip ársins, Ocean Diamond, kemur til hafnar þann 14. maí og mun hafa viðveru frá kl. 08.00-13.00.

Þetta má lesa á [heimasíðu Fjallabyggðar](#).

Mynd: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.

Texti: Fjallabyggð.is / Sigurður Ægisson | sae@sae.is.